

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og rotþróatæmingu í Árneshreppi.

1. gr.

Gjaldskylda.

Hreppsnefnd Árneshrepps leggur á sorphirðugjöld og rotþróargjöld sem innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Rotþróargjald.

Rotþróargjöld skiptast í fjóra flokka:

a)	Rotþró	0 – 2.000 l	kr. 21.641
b)	Rotþró	2.001 – 4.999 l	kr. 25.164
c)	Rotþró	5.000 – 9.999 l	kr. 28.663
d)	Rotþró	10.000 l	kr. 38.207

3. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjöld skiptast í þrjá flokka:

1)	Sumarbústaðir	kr. 17.397
2)	Heilsársbústaðir	kr. 31.974
3)	Atvinnurekstur	kr. 55.485

4. gr.

Gjalddagar.

Gjalddagar skulu vera þeir sömu og hreppsnefnd ákveður fyrir fasteignagjöld og innheimtast með þeim.

5. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin af oddvita og samþykkt af hreppsnefnd Árneshrepps 19. mars 2025 og öðlast þegar gildi. Gjaldskráin er sett samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Árneshreppi, 20. mars 2025.

Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti.

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2025